

Fræðslunefndarfundur

19. janúar 2026

Mæting: Sigrún Erla Sveinsdóttir, Margrét Sif Sævarsdóttir, Tinna Ýr Gunnarsdóttir, Orri Magnússon, V.Lilja Stefánsdóttir, Kristín Helga Guðjónsdóttir, Valentina Kay, Hermína Kristín Lárusdóttir, Þórey Úlfarsdóttir og Linda Rut Svansdóttir.

Fundurinn var haldinn á leikskólanum Krílakoti og þökkum við þeim kærlega fyrir að taka á móti okkur.

Grunnskólinn:

Framundan er innleiðing Matferilsins sem er annars vegar lesfímipróf sem verða lögð fyrir í janúar og er hluti af reglulegu mati á lestrarfærni og hins vegar stöðu- og framvindupróf í stærðfræði og lesskilningi sem verða lögð fyrir 4. -10. bekk í mars en skylda er að leggja þau fyrir 4., 6. og 9. bekk. Prófin sýna fram á stöðu hvers nemanda og hvernig námi hans vindur fram og stöðu hópsins miðað við jafnaldra á landsvísu.

Matsferillinn er leiðbeinandi próf í lesskilning og stærðfræði. Þetta er notað til að taka stöðuna á nemendum í skólanum og einnig er hægt að sjá hvernig þau standa miðað við landið.

Skólastjórinn hefur verið að vinna í gagnagrunni sem heitir nemendagrunnur. Þetta virkar þannig að foreldrar skrá bornin sín í skólann í 1.bekk eða þegar þau byrja skólagöngu og þetta verður gert í gegnum island.is

Á næstunni: Þemadagar verða 17. -19. mars, þeim lýkur með opnu húsi líkt og var fyrir tveimur árum. Ætlunin er að vera með söluvarning og mun ágóðinn fara í verðugt málefni sem nemendur velja (Góðgerð).

Sérfræðipjónustan: Verkefnastjóri stoðþjóðnustu, sérkennarar, þroskaþjálfar, Dalur (námsver) í starfstöðinni í Ólafsvík, námsráðgjafi.

Sérfræðipjónusta fyrir starfsfólk: Vinnuvernd

Nemendaverndararáð hittist 2x á önn

Lausnarleitarfundir eru haldnir einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði.

Tveir þroskaþjálfar á vegum grunnskólans eru í farsældarteyminu

Gott samstarf milli grunnskólans og FSN og hafa verið viðburðir fyrir nemendur hjá framhaldsskólanum

Drög af liggja fyrir til samþykktar.

Skólastjórinn stefnir á að byrja að starfsmannaviðtölum á næstu dögum.

Tónlistarskólinn:

76 nemendur við skólann og biðlisti

Tónfundir í febrúar 9.-12. Febrúar

Vorpróf í apríl

Tónleikar í maí

Matskvarðinn á vorinn: Ágætt, mjög gott, gott, allgott og viðunandi.

Jenni er með hljómsveit í Ólafsvík og á Lýsuhól

18. apríl uppskeruhátíð á patreksfirði.

Leikskólinn:

Starfsþróunaráætlun tilbúin og er notuð til að styðja m.a. við námskeið starfsfólks.

Næst á dagskrá að koma inn skyndihjálparnámskeiði

Sérfræðipjónusta: Linda og Þorkatla sérkennslustjórar, sálfræðingur 1x í mánuði, talmeinafræðingur 2x í mánuði.

Sérfræðipjónusta fyrir starfsfólk: ekki mikið í boði

Áhyggjuefni starfsfólks er tungumálið og ímyndunarafl nemenda. Það eru miklar breytingar á þessu.

Lausnarleitarteymi 2x í mánuði

Það stendur til að setja á nemendaverndararáð fyrir leikskólann

Farsældin gengur vel – getur verið krefjandi að benda og beina fólki á næsta úrræði.

Drög að skóladagatali

Vinnan við gæðaviðmið í fullum gangi

Komnir tveir foreldrar í foreldraráð

Skólanámskrá lögð fyrir og samþykkt

Annað:

Það er kominn stýrihópur fyrir menntastefnuna og búið er að skipuleggja 7 fundi fram að vori.